



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 9. sept. 1986.

111. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknámshúsi skólans þann 4. sept. 1986.

Mættir voru: Guðmundur Björnsson; formaður, Ingólfur Halldórsson; aðstoðarskólameistari, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Jón Gunnarsson, Hilmar Þ. Hilmarsson, Kristinn Kristjánsson; fulltrúi Kennara; Guðmundur Karl Brynjarsson; fulltrúi nemenda, og Helga Loftsdóttir; ritari.

Formaður setti fund kl. 17:00.

1. Tilboð í I-hluta viðbyggingar.

Auglýst hafði verið eftir tilboðum í jarðvinnu og undirstöður viðbyggingar við bóknámshús F.S.

Tvö tilboð bárust: Húsanes s/f, Keflavík kr. 837.600 og Gólfslípun s/f, Keflavík kr. 1.015.250, en kostnaðaráætlun hafði hljóðað upp á kr. 766.800. Gert var ráð fyrir að greitt yrði fyrir verkið með skuldabréfum bundnum lánskjaravísitölu, til 4-5 ára.

Samþykkt var að taka tilboði lægstbjóðanda, með þeim fyrirvara að samningu náist milli ríkis og sveitarfélaga.

Fram kom hjá formanni að illa hafi gengið að fá svör frá bygginganefnd menntamálaráðuneytisins. Formlegt svar hefur komið frá Keflavík og Grindavík sem er jákvætt. Fulltrúi Njarðvíkurbæjar, Hilmar Þ. Hilmarsson, sagði þá tilbúna að ganga að þessum samningi að tilskildu leyfi ríkisins. Í bréfi frá Vatnsleysustrandarhreppi kom fram að engar horfur væru á því að unnt verði að veita framlag til nýbyggingar á þessu eða næsta ári. Jón Gunnarsson, fulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps sagði ástæðu vera þá að engir peningar væru til. Allir peningar færu í vanskil og skuldir.

Sagði formaður að tíminn væri orðinn naumur, ef möguleiki ætti að vera á því að ljúka viðbyggingu í janúar 1987. Hefja þyrftirframkvæmdir á næstu tíu dögum. Sagði hann þetta mál verða að sjáskýrar línur í lok næstu viku.

2. Skipun bygginganefndar.

Ákveðið var að skipa byggingarnefnd til að annast samskipti við hönnuði og verktaka.

Formaður stakk upp á þremur mönnum sem eru: Ingimundur Þ. Guðnason, sémilfrúfrúháskólanefndar, Axel Nikólaísson og Sturlaugur Ólafsson, kennara, en þeir eru báðir kunnugir þessu málum. Var þetta samþykkt samhljóða.

Einnig munnstist formaður á hönnun raflagna. Lagði hann til að Rafmiðstöðinni s/f, Keflavík yrði falið verkið. Samþykkt samhljóða.

3. Fargjaldamál kennara.

Guðmundur Björnsson, formaður, sagði sig mótfallinn því að greiða kennurum fyrir akstur á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkur. Eðlilegt væri að þeir byggu hér suðurfrá. Í framhaldi af því bar hann upp eftirfarandi tillögu:

Nýjum kennurum verði greitt fargjald í eitt ár, svokallaðanfi aðlögunartíma. Kennurum innan svæðisins verði greiddur fargjaldastyrkur til að jafna aðstöðu þeirra. Kennurum til kennslu við F.S. í minna en hálfu starfi verði greiddur fargjaldastýrkur.

Þó nokkrar umræður urðu um málið. Meðal annars kom fram að eðlilegast væri að þetta mál yrði tekið fyrir á fundi S.S.S. eða á sameiginlegum fundi sveitarfélaganna.

Formaður sagði þetta vera ákaflega snúið mál og mjög skiptar skoðanir á því. Sagði hann að tillaga sín lægi enn fyrir og málið væri enn opið, en þyrfti úrlausnar sem fyrst.

3. Fargjöld nemenda.

Upp hefur komið sú spurning hvort ætti að taka fargjöld af nemendum sem nota skólaakstur. Sagði formaður þetta tilkomið vegna þess að við uppgjör þá dregur ríkið strætisvagnagjald frá þeirri upphæð sem það borgar.

Um er að ræða kr. 25 á dag fyrir hvern nema í skstri. Heildarupphæðin er kr. 500-700.000 á ári. Afgreiðslu málsins var frestað.

5. Ráðning ritara.

Eftirtaldir aðilar sóttu um stöðu ritara:

1. Bára Hauksdóttir
2. Guðbjörg Guðmundsdóttir
3. Helga Óskarsdóttir
4. María Bergmann
5. Berglind Rafnsdóttir

Samþykkt var samhljóða að ráða Helgu Óskarsdóttur í stöðu ritara.

6. Ráðning húsvarðar.

Eftirtaldir aðilar sóttu um stöðu húsvarðar:

1. Eygló Sörensen
2. Sveinn Sæmundsson
3. Ólöf Björnsdóttir og Elín Júlíusdóttir


Samþykkt var samhljóða að ráða Svein Sæmundsson í stöðu húsvarðar.

7. Önnur mál.

a) Formaður bar upp þá tillögu að skólanefnd komi á fund Kennarafélagsins. Sagði hann þá vinna að mörgu leyti að sömu málum og samstarf því nauðsynlegt. Var þetta samþykkt og ákveðið að fela skólameistara að koma þessum fundi á.

b) Formaður las upp bréf frá Brunavörnum Suðunesja. Kemur þar fram að ýmsu er ábótavant í skólanum hvað varðar öryggi gegn eldi. Sagði formaður treysta því að ráðamenn skólans myndu bæta úr þessu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.



Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.



Helga Loftsdóttir,
ritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

29. ágúst 1986.

UMSÓKNIR UM STÖÐU RITARA.

1. Bára Hauksdóttir, Hjallavegi 1p, Nj., sími 92-3753
- vélritunarkunnátta (4 áfangar í öld í FS).
2. Guðbjörge Guðmundsdóttir, Heiðarbrún 7, Ke., sími 92-2514
- vélritunar og bókfærslukunnátta
3. Helga Óskarsdóttir, Kirkjubraut 6, Nj., sími 92-6043
- ensku- og vélritunarkunnátta. Námskeið í tölvufr.
leiklist og Dale-Carnegie.
4. María Bergmann, Langholti 18, Ke., sími 92-1925
- 20náránstarfsreynsla á skrifstofu.
5. Berglind Rafnsdóttir, Suðurgötu 51, 230 Keflavík.
- tæplega stúdentspróf, hefur unnið sem ritari í
afleysingum.

UMSÓKNIR UM STÖÐU HÚSVARÐAR.

1. Eygló Sörensen, Heiðargarði 15, Ke., sími 92-2788
2. Sveinn Sæmundsson, Lyngholti 15, Ke., sími
3. Ólöf Björnsdóttir og Elín Júlíusdóttir

Umsækjendur

um auglýstar kennarastöður við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
Umsóknarfrestur var til 23. maí 1986.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, Bjarnarvöllum 10, 230 Keflavík.
Nnr. 0903-0514, f. 27.04.57.

Menntun: Sp 76, nám í H.f., enska, uppeldisfr. 113 ein.
Kennsla: Myllubakkaskóli 1978-80 og 1981- 85.

Atli Vilhelm Harðarson, Lyngási, Biskupstungum, 801 Selfoss.
Nnr. 0842-6821, fd. ár 06.01.60.

Menntun: Sp 1979, BA - Hf 82 M.A. Hf 84,
aðalnámsgr.heimspeki og bókmenntir.

Ellert Guðmundsson, Reynivöllum 6, 800 Selfoss.
Nnr. 2068-3287, fd. ár 01.06.27.

Menntun: IMR, rennismiði, tæknifræðipróf frá Danmörku,
bifvélavirkjanám 2 ár, nám og vinna í tækjasmíði í Danmörku
2 ár. UK - Hf.

Kennsla: Við ýmsa skóla frá 1969, sjá skýrslu.

Harpa Hreinsdóttir, Mörk, Laugarvatni, 840 Laugarvatn.
Nnr. 3800-1167, fd. ár 14.09.59.

Menntun: Sp. 1978, BA - Hf 1982, aðalnámsgr. ísl. aukagr.
enska. UK 1986, lýkur því í haust.

Kristján Pétur Ásmundsson, Eyrarstíg 1, 730 Reyðarfjörður.
Nnr. 5840-5825, fd. ár 22.08.59.

Menntun: Sp. 1979, KHf 1986, stærðfræði, eðlisfræði.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Yfirlit um brautskráða nemendur á vorönn 1986.

Eftir byggðarlögum:

Garði	3	nemendur
Grindavík	9	--
Keflavík	37	--
Njarðvík	12	--
Sandgerði	4	--
N-Þingeyjarsýslu	2	--
Hafnarfirði	1	nemandi
Hveragerði	1	--
Seltjarnarnesi	1	--
Skagatrönd	1	--
Suður-Afríku	1	--
Reykjavík	4	--

Eftir brautum:

Flugliðabraut	4
Bóknámsbraut	1
Iðnbraut húsasm.	4
-- pípulagn.	3
-- bifv.v.	2
-- rafiðna	1
-- netagerðar	1
Meistaraskóli byggingarmanna	7
Réttindanám vélstjóra	10
I-2	2
H-2	2
V-2	6
Verknámsbraut tréiðna	1
-- rafiðna	1

Frá FS útskrifuðust 32 stúdentar á vorönn 1986.

Viðskiptabraut	9	nemendur
Náttúrufræði braut	8	nemendur
Málabraut	3	nemendur
Uppeldisbraut	7	nemendur
Eðlisfræðibraut	4	nemendur
Heilsugæslubraut	1	nemandi
Fjölmíðlabraut	1	nemandi
Flugliðabraut	1	nemandi



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Júní 1986.

Eftirtaldir aðilar færðu skólanum gjafir í tilefni af tíu ára afmælis hans:

Sparisjóðurinn í Keflavík	150.000,- kr.
Keflavíkurverktakar	100.000,- --
Kaupfélag Suðurnesja	
(ætlað í fiskeldisbraut)	50.000,- --
Steindór Sigurðsson og Kristín	
Guðmundsdóttir, (til tölvukaupa)	50.000,- --
Vélstjórafélag Suðurnesja	40.000,- --
Verslunarbanks Íslands	30.000,- --
Fyrrum nemendur FS	um 40.000,- --

Stjórn SSS gaf skólanum fundarhamar.

Fjölbrautaskólinn á Akranesi færði að gjöf málverk eftir Hjálmar Þorsteinsson.

Reflareik 22-8-1986

Skólarefud
Fjölbrotaskola Sudurnesja

Þú sáhi þér með um
gætt húsnæðis með
Fjölbrotaskola Sudurnesja

Greinnir Samundson
Sýngrotti 15
Reflareik



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

Ég undirrituð saki um slaf,
húsvartar við Fjölbrautaskóla
Suðurnesja.

Virdingarfyllst.

Þygló Sörensen
Sími 2788. Húsaegæði 15.
Keflavík.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 25.08.86.

Við undirritatar, Ólöf Þrömsdóttir
og Elín Júlíusdóttir sákjum
sameiginlega um eina 9 mánaða
stöðu húsvartar við
Fjölbrautaskóla Suðurnesja,
sem auglýst var í
Vikurfréttum.

Ólöf Þrömsdóttir
Elín Júlíusdóttir